

**Mætt:** Jón Hjaltason, Hilmar Theodór Björgvinsson, Ólafur Baldursson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

**Fjarverandi:** Björn Valdimarsson og Elsa María Guðmundsdóttir.

Tilfni þessa fundar er meðal annars skipun í tækninefnd LEN.

1. Fundargerð síðasta fundar kynnt.

Í upphafi var fundargerð 60. fundar lesin lauslega yfir. Fundargerðin hefur þegar verið samþykkt af stjórn SSÍ. Þá var farið yfir atburði tengda sundíþróttinni sem átt hafa sér stað frá því síðasti fundur var haldinn.

Rætt var sérstaklega um hve ánægjulegt væri að sjá íslenska dómara í dómgæslu á stórmótum. Dómgæsla þeirra Björns Valdimarssonar og Haraldar Hreggviðssonar á EM50 í London hefur vakið sérstaka athygli. Þá var talað um frábæran árangur íslenskra sundmanna á þessu móti og sér í lagi stórkostlegan árangur Hrafnhildar Lúthersdóttur úr SH.

2. Skipun í tækninefnd LEN.

Ný tækninefnd LEN er að taka til starfa. Þórunn Kristín Guðmundsdóttir, fráfarandi stjórnarmaður í Sundfélaginu Ægi, hefur þegar verið skipuð í hana og tekur hún við sæti Guðmundar Harðarsonar þar.

Formaður dómarnefndar segir að ekki hafi verið rætt við nefndina vegna þessa máls fyrr en nýlega. Hann segir að formaður SSÍ hafi boðað sig á fund vegna þessa. Formaður SSÍ afhenti þá formanni dómarnefndar bréf þessa efnis (sjá fylgiskjal 1). Í því kemur fram skýring á skipun í tækninefnd LEN.

Dómarnefndin óskar Þórunni Kristínu farsældar í nýju hlutverki í tækninefnd LEN.

3. Tillaga að verklagsreglum um samskipti á milli dómarnefndar og skrifstofu og starfsfólks SSÍ.

Að tillögu formanns er rætt um mikilvægi þess að verklagsreglur liggi fyrir um samskipti á milli dómarnefndar annars vegar og skrifstofu, starfsfólks og stjórnar SSÍ hins vegar. Nefndin er sammála því að verklagsreglur sem þessar séu nauðsynlegar. Dómarnefndin leggur því til sem fyrsta skref í þessa átt að hér eftir fái hún móta- og starfsmannaskýrslu hvers sundmóts.

4. Tillaga að verklagsreglum um umsóknir dómarnefndar á alþjóðlega dómaraalista FINA.

Dómaranefndin þarf að gera tillögu að verklagsreglum um hvernig hún fer með umsóknir á alþjóðlega dómaraalista FINA. Mikilvægt er að það sé skýrt opinberlega hvernig og á hvaða hátt skipun fer fram. Í dag og til framtíðar mun hún vera byggð á punktastöðu og vinnu viðkomandi yfirdómara á sundmótum nýliðinna sundára. Þeir yfirdómarar sem sitja í dómaranefndinni og eiga mögulegra hagsmuna að gæta hverju sinni taka ekki þátt í umræðu um skipun á alþjóðlega lista.

Næsta alþjóðlega dómaraalista þarf að senda inn fyrir 20. júní þessa árs. Dómarar á næsta lista verða ræddir á næsta fundi dómaranefndar. Formaður hennar mun senda út til stjórnna allra sundfélaga punktastöðu dómara hvers félags.

Rætt er um að gera þurfi stjórnnum sundfélaga grein fyrir því að á þeim hvílir ábyrgð á að senda til sundmóts fulltrúa sína úr röðum sunddómara. Ræða má ýmsa möguleika á þessari stöðu og hvernig rétt sé að hvetja þá til þátttöku á mótum.

#### 5. Önnur mál.

- a. Spurning frá yfirdómara sem ekki er kominn á alþjóðlegan lista. Hann spyr hvort hann geti fengið að dæma á Smáþjóðaleikunum á næsta ári. Formaður dómaranefndar svarar því þannig að verið sé að kanna hvort alþjóðlegir dómarar og almennir dómarar fái að dæma þar. Líklegt er að þeir dómarar sem þangað fara verði að gera það á eigin kostnað.
- b. Spurt er hvort LEN eða SSÍ hafi borgað kostnað við að senda íslenska alþjóðlega dómara á alþjóðleg mót hingað til. Hvernig verður þessu háttað í framtíðinni?
- c. Erindi sem sent var stjórn SSÍ varðandi mótamál ætti ef til vill líka að sendast á ÍF. Rætt er um að eðlilegt sé að senda erindið á stjórnir beggja, SSÍ og ÍF.
- d. Formaður SSÍ sendir inn fyrirspurn um hvort dómaranefnd hafi áhuga á að gert verði merki fyrir nefndina sem myndi þá virka sem starfsmannamerki. SSÍ mun þá greiða kostnað við merkið.

Dómaranefndin er sammála um að það geti verið hagur af því að bera starfsmannamerki frá SSÍ. Hún lítur þó svo á að það sé ekki hennar að huga að kostnaði við gerð slíks merkis.

- e. Erindi frá formanni SSÍ um framtíðarmöguleika á að íslenskur dómari dæmi fyrir hönd NSF á ÓL2020 í Tokýó.

Formaður dómara nefndar les upp bréf frá formanni SSÍ þar sem rætt er um framtíðarmöguleika á að íslenskur dómari dæmi fyrir hönd NFS á ÓL2020 í Tókýó. Bent er á að viðkomandi alþjóðlegur yfirdómari þurfi að vera sýnilegur á HM2017, EM2018 og HM2019. Jón Hjaltason (JH), formaður dómara nefndar, vísar af fundi á meðan þetta erindi er rætt. Það gerir hann því formaður SSÍ hefur stungið upp á honum sem fulltrúa Íslands í Tokýó 2020 í þar til gerðu erindisbréfi (sjá fylgiskjal 2).

Bent er á að mögulega þurfi að vera tveir sýnilegir kandidatar á komandi mótum þó svo að annar þeirra standi uppi sem raunverulegur þátttakandi á ÓL2020. Ef annar forfallast á síðustu stundu er þá alltaf í það minnsta einn dómari sem kemur í stað þess sem þegar hefur verið stungið upp á.

Ljóst er að innan dómara nefndar eru fleiri yfirdómarar sem vilja halda þessum möguleika opnum. Því er spurt; „Til hvers á fólk að vera að binda sig ef búið er að loka fyrir alla möguleika næstu fjögur árin? Þarf fólk að binda sig í átta til viðbótar til að minnstu möguleikar verði raunverulegir?“

Þessu erindi er vísað til fyrsta fundar á nýju starfsári sem haldinn verður í lok september á þessu ári. Þá verður Ólympíuleikunum í Ríó 2016 lokið og hægt að horfa fram á við. Þá verður FINA-listi 19 einnig kominn og hægt að vinna nánar út frá honum við skipun yfirdómara til starfa fyrir NFS á ÓL2020 í Tókýó.

Virðingarfyllt,  
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

## Fylgiskjal 1



Dómaranefnd SSÍ

c/o formaður Jón Hjaltason

Reykjavík 17.maí 2016

### **Efni: Fulltrúi ISL / NSF í Sundtækninefnd LEN**

Eins og ykkur er að líkindum kunnugt hefur Þórunn Kristín Guðmundsdóttir verið skipuð af stjórn LEN, Evrópska sundsambandsins, í Sundtækninefnd LEN. Þórunn er tilnefnd af SSÍ í samvinnu við NSF, Norræna Sundsambandið. Hún kemur í stað Guðmundar Harðarsonar sem hefur starfað í nefndinni við góðan orðstír síðan 1997.

Formaður og varaformaður SSÍ hafa með höndum alþjóðlegt samstarf fyrir hönd SSÍ og frá 2014 er Ísland í forsæti NSF og þar með talsmaður norrænu landanna í samskiptum við LEN og FINA. NSF samþykkti fyrir tæpum fimm árum þá stefnu sína að fjölga konum á sínum vegum í alþjóðlegu starfi. Þeirri samþykkt fylgdi einnig sú stefna að fá betri dreifingu í aldri þeirra fulltrúa sem undir merkjum NSF starfa, en eins og þið vitið þá hafa þessar stöður verið meira og minna skipaðar eldri körlum.

Ísland hefur lagt mikla áherslu á að eiga fulltrúa í evrópsku sundtækninefndinni, þrátt fyrir þrýsting hinna þjóðanna 6 innan NSF að við losum um sætið og ákveðna hefð innan LEN að þegar fulltrúi þjóðar hættir þá taki fulltrúi annarrar þjóðar sæti hans. Við höfum undanfarin ár haldið því til streitu að þegar Guðmundur hætti, þá taki annar Íslendingur við sæti hans. Nú er það svo að samstarf NSF þjóðanna er mjög náíð og við þurftum að byrja á því að tryggja það að fulltrúi okkar hlyti náð hjá stjórn NSF áður en við tilnefndum hann. Þá voru gerðar kröfur um hvað viðkomandi þyrfti að hafa til að bera til þess að koma til greina í nefndina, en það er meðal annars; að hafa verið sundmaður, að hafa þjálfað sundhópa, að vera virkur í starfi í sínu heimalandi, að vera virkur dómari í sínu heimalandi, að vera vanur í alþjóðlegu samstarfi og tala ensku og amk eitt norðurlandamál vel.

Þau nöfn sem við höfum verið að vinna með undanfarin ár eru Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Þórunn Kristín Guðmundsdóttir. Það varð snemma ljóst að Hildur Karen mun koma til starfa með NSF í mótun stefnu um sundkennslu og

ungbarnasund, starf sem einnig er á dagskrá LEN og Pia Holmen Christiansen danskur stjórnarmaður í LEN og framkvæmdastjóri danska sambandsins, mun hafa á sinni könnu innan LEN. Því höfum við á undanförunum árum unnið Þórunni Kristínu fylgis til setu í sundtækninefndinni, innan NSF og hjá stjórn LEN, en hún er þekkt meðal norrænu þjóðanna sem garpur, fyrrverandi sundkona sem bjó lengi í Danmörku og hefur samstarf við fyrrverandi formenn og framkvæmdastjóra dönsku og sænsku sambandanna. Það hefur ekki skemmt fyrir henni að hún er dóttir Guðmundar Harðarsonar, en hann er þekktur innan norræna og evrópska sundheimsins fyrir ósérhlífni og mikið vinnuframlag í nefndinni. Það síðastnefnda réð þó ekki úrslitum með val okkar á henni.

Eins og sjá má hefur þessi vinna með skipti í nefndinni tekið töluverðan tíma og á tímabili var hætta á að við myndum tapa þessari rimmu. Það gerðist sem betur fer ekki því keppnissund er okkar grein innan sundíþróttu og þess vegna lögðum við áherslu á að halda sæti okkar. Þetta langhlaup var þannig að ekki var nokkur leið að mínu mati að skipta um hest í miðri á.

Ég hef heyrt um óánægju innan dómaranefndar með skipan Þórunnar en vona að ofangreint skýri aðdraganda og niðurstöðu okkar. Sjálfsagt er að taka tillit til þeirra sjónarmiða að við hefðum getað verið í betra talsambandi við dómaranefnd í aðdragandanum. Því óska ég eftir að nefndin komi með tillögu að verklagi millum stjórnar og nefndar sem gæti gilt við slíkar aðstæður. Þá óska ég þess að dómaranefndin og Þórunn vinni saman þar sem það á við, það er okkur mikilvægt að halda haus í alþjóðlegu starfi en við höfum um langt árabíl fengið viðurkenningu fyrir fagmennsku, hjá því fólki sem hingað hefur komið til að leiðbeina okkur og ekki síður í umsögnum um þá dómara sem hafa farið til starfa á Evrópu-, heims og öðrum mótum.

NSF, undir stjórn Íslands, hefur unnið að sameiginlegri stefnu í málefnum LEN, en þar eru atriði sem gætu skipt okkur Íslendinga máli hvað varðar stuðning Evrópska sambandsins, bæði fjárhagslegan og í öðru formi. Þessi atriði verða kynnt síðar.

Þess má svo að lokum geta að undirritaður var skipaður varaformaður garpanefndar LEN að þessu sinni og situr einnig í garpanefnd FINA. Það kemur fyrst og fremst til af því að ég hef verið forseti NSF undanfarin tvö ár.

Með sundkveðjum

Hörður J. Oddfríðarson Formaður SSÍ

## Fylgiskjal 2



Dómaranefnd SSÍ  
c/o formaður Jón Hjaltason

Reykjavík 17.maí 2016

### **Efni: Íslenskur dómari á ÓL 2020 í Tokyo**

SSÍ er í samstarfi við hin Norðurlöndin um ýmis málefni. Þar á meðal höfum við rætt að hafa samstarf um að okkar fólk komi til álita í dómgæslu á Ólympíuleikum. Næstu leikar þar sem íslenskur dómari gæti komið til greina í slík störf eru í Tokyo árið 2020.

Til þess að íslenskur dómari eigi möguleika á þessum störfum þarf viðkomandi að vera sýnilegur sem dómari á Heimsmeistaramótinu í Búdapest 2017, Evrópumeistaramótinu árið eftir og svo líklega Heimsmeistaramótinu 2019.

Ég legg því til við dómaranefnd SSÍ að hún tilnefni einstakling til þessa starfs og sting um leið upp á Jóni Hjaltasyni sem kandidat í það.

Með sundkveðjum

Hörður J. Oddfríðarson  
Formaður SSÍ